



Starfsreglur fyrir deildir LSS

Stjórn deildar

Kjörnir aðal- og varafulltrúar í hverri deild félagsins mynda stjórn hennar.

Verkefni stjórnar deilda er að vera vettvangur kjörinna fulltrúa þeirra til umfjöllunar um sérstök hagsmunamál félagsmanna svo og til móttunar afstöðu deildarinnar til helstu málefna félagsins.

Félagsfundur deildar

Formaður deildarinnar boðar til félagsfundar í deildinni. Skal boða til fundarins á tryggilegan hátt með minnst 7 daga fyrirvara. Þó má boða til fundar með skemmri fyrirvara beri brýna nauðsyn til.

Í deildum þar sem félagsmenn njóta félagsaðildar á grundvelli 1. tl. 3. greinar laga félagsins skal halda deildarfundir á tímabilinu október til maí minnst á 3ja mánaða fresti. Að öðru leyti skulu fundir haldnir svo oft sem þurfa þykir.

Skylt er að halda félagsfund í deild LSS ef 1/3 hluti félagsmanna hennar krefst þess skriflega að haldinn sé fundur.

Formaður deildarinnar tilnefnir fundarstjóra og ritara á félagsfundi deildar. Halda skal gerðabók um það sem fjallað er um á félagsfundi deildar.

Að öðru leyti skulu þingsköp LSS gilda um fyrirkomulag, umræðu og afgreiðslu mála.

Um breytingar á reglunum

Um breytingar á reglum þessum gildir sama og um lagabreytingar væri að ræða.

Samþykkt á 2. þingi LSS 25-27 mars 1994.